



19. október 2022

Tilv.: 2209055

Dreifibréf númer: 34/2022

Til fjármálafyrirtækja og samtaka fjármálafyrirtækja

Efni: Drög að reglum um hlutverk og stöðu regluvarðar og skráningu samskipta skv. lögum nr. 60/2021.

Seðlabankinn hefur gefið út umræðuskjal nr. 16 sem inniheldur drög að reglum um hlutverk og stöðu regluvarðar og skráningu samskipta skv. lögum nr. [60/2021](#) um aðgerðir gegn markaðssvikum. Reglurnar verða settar með stoð í 3. mgr. 4. gr. laga nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum.

Drögin byggja á núverandi reglum nr. 1050/2012 um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja og fela í sér breytingar á þeim í ljósi þeirra breytinga sem urðu með innleiðingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 596/2014 um markaðssvik (MAR) með lögum nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum.

Helstu breytingarnar á reglunum felast í brottfalli ákvæða sem varða rannsóknar- og tilkynningarskylda fruminnherja og gerð fruminnherjalista og lista yfir fjárhagslega tengda aðila í samræmi við brottfall þeirrar skyldu með lögum nr. 60/2021.

Með dreifibréfi þessu gefur fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands viðtakendum kost á að koma á framfæri athugasemdum við drögin. Skjölín eru birt á vefsíðu Seðlabankans: <https://www.fme.is/log-og-tilmaeli/umraeduskjol>.

Óskað er eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjali berist eigi síðar en 4. nóvember n.k. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gerð umsagnareyðublöð sem finna má á vefsíðu Seðlabankans, sbr. nánari skýringar í umræðuskjalinu. Umsagnareyðublöð skulu senda á netfangið: skjalasafn@sedlabanki.is.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Fjármálaeftirlit

Páll Friðriksson
framkvæmdastjóri
markaðir og viðskiptahættir

Pálmar Pétursson
lögfræðingur
markaðir og viðskiptahættir

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Kalkofnsvegi 1 101 Reykjavík www.sedlabanki.is 569 9600 sedlabanki@sedlabanki.is

